

Fundargerð 197. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 14. ágúst 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, formaður, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson og Einar Óskar Friðfinnsson

Fjarfundur: Pétur Freyr Jónsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Gunnar Sigurðsson og Helgi Már Sigurgeirsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 196

Fundargerð hefur verið send til undirritunar.

2. IN Nordic ung

Inn á fundinn komu Ágúst Arnórsson, Guðbrandur Viktor Frímannsson og Gabríel Daði F. Ragnarsson. Ágúst fór fyrir okkur í byrjun árs á fund IN Nordic ung og í framhaldinu var ákveðið að senda fulltrúa í félagsmálaskóla IN Nordic ung og fóru þeir Guðbrandur og Gabríel fyrir hönd VM. Gabríel Daði, vinnur í Héðni og Guðbrandur hjá Vélsmiðju Orms og Víglundar og eru þeir báðir í IÐN UNG. Þeir byrjuðu á að þakka fyrir að hafa fengið að fara og sögðu síðan frá ferðinni. Gabríel sagði að sér hefði komið mest á óvart hvað unga fólk í hreyfingunni er miklu sýnilegri á norðurlöndunum en við hér. Í heildina á litið var þetta mjög áhugavert og skemmtilegt og það sem fjallað var um mjög fjölbreytt. Formaður spurði hvort þeir telji að við gætum grætt á þessu og þeir telja það. Næst verður fundur úti í september eða október. Ágúst er til í að fara á hann og taka einn áhugasamann með sér sem myndi bjóða sig fram í stjórn. Einar Sveinn telur gott að þeir hafi farið en þurfi að fara oftar til að koma sér inn í þetta. Mikið af upplýsingum sem hægt er að sækja. Guðbrandur og Gabríel munu segja frá ferðinni á fundi hjá IÐN-UNG til að vekja athygli á þessu og hvað verið er að gera á hinum norðurlöndunum. Ágúst stakk upp á að skipa Guðbrandi og Gabríel sem trúnaðarmenn á sínum vinnustað til að tengja þá betur við okkur. Ákveðið að skoða það betur. Þeim var síðan þakkað fyrir og yfirgáfu fundinn. Stjórnarmenn ræddu svo málið og telja að við ættum að halda þessu áfram í amk. tvö til þrjú ár til að ná einhverjum árangri og svo vonandi verður þetta bara fast. Samþykkt að senda þá á fund í haust.

3. Eirhöfði

Benóný kom á fundinn og fór yfir stöðuna á Eirhöfðanum. Á síðasta fundi var sett skilyrði til að halda mætti áfram með málið og það var að með öllum íbúðum myndi fylgja bílastæði. Benóný upplýsti að búið sé að tryggja bílastæði með öllum okkar íbúðum. Verið er að vinna

að bæði skammtíma og langtíma fjármögnun. Þegar við komum síðast inn á fund þá reiknuðum við með 13 íbúðum í langtímaleigu. En Rafiðnaðarsambandið hefur ákveðið að taka 3 íbúðir í viðbót sem orlofsíbúðir svo þetta verða 10 íbúðir sem fara í langtímaleigu. Lögfræðingar hafa verið fengnir til að hald utan um og fara yfir öll gögn og skjöl fyrir okkur og þeir gerðu kaupsamninga. Eftirlitsaðili hefur líka verið ráðinn og lokagreiðsla mun ekki fara fram fyrir en eftirlitsaðilinn er búinn að gefa grænt ljós á alla þætti. Afl, Eining lóða og Kjölur eru búnir að klára sín mál. Það liggur fyrir að breyta aðeins hönnun á raflögnum svo við getum haft aðgangsstýringu. Reksturinn verður sameiginlegur undir okkur en hin félögin kaupa af okkur þjónustu. Hugmynd að halda leigutekjur af þessum orlofseiningum og útleiguíbúðunum sér, rekið sem fyrirtæki (leigufélag), þannig að þetta á að standa undir sér sjálft, tekjur orlofssjóðs fari ekki inn í þetta. Spurt var hvort þetta sé bara on, við séum bara að fara í þetta. Verið er að vinna umboð sem stjórn þarf að skrifa undir svo hægt sé að klára kaupsamninga. Þegar búið er að græja þetta þá fer Mánatúnið í sölu, ekki allar í einu. Fyrstu íbúðir á Eirhöfða verða afhentar seinni partinn í október og síðustu í lok nóvember. Við megum vinna samhliða verktaka við það sem við þurfum að gera. Við erum með dagsektir á þeim og höfum tvö ár til að koma með athugasemdir um hönnun á kostnað verktaka. Spurt var hvort við séum að kaupa eða leigja bílastæðin og Benóný svaraði því að við kaupum. Formaður sagði að með leigufélagið, það sé stefnubreyting hjá félaginu svo þá þurfum við að hafa fulltrúaráðsfund til að fá samþykki og hann þarf að vera fljótlega. Hugmynd að hafa fundinn síðustu vikuna í ágúst. Þetta eru þrjár íbúðir sem VM er að setja í langtímaleigu. Ítrekuð var beiðni um útreikninga sem óskaði var eftir á síðasta fundi með fjármagnskostnaðinn, bera saman lántöku og það sem er í sjóðunum okkar. Benóný sagði það mun dýrara að taka út úr sjóðunum en að fá lán. Helgi Már sagðist hafa beðið um útreikning á þessu, sjá þetta á blaði og formaður sagði að það yrði farið í það.

4. Staðan í kjaramálum

Við eigum eftir samning við Hafró. Það sem hafði mjakast var vegna dugnaðar sáttasemjara. Og það er yfirvofandi verkfall hjá hásetum. Þegar það var boðað þá ákváðum við og Félag skipstjórnarmanna að styrkja hásetana í þessu.

5. Önnur mál

- Fulltrúaráðsfundur, stefnt á að hafa hann síðustu vikuna í ágúst helst þriðjudaginn 26. ágúst og þá kl. 17:30. Þar verður þá farið í þetta leigufélag og svo þarf að velja fulltrúa í fulltrúaráð Birtu. Stungið var upp á að setja frétt inn á heimasíðuna um að við séum að fara að velja inn í fulltrúaráð Birtu. Þá hafa kannski einhverjir samband sem hafa áhuga.
- Spurt var í hvort margir séu búnir að sækja um starf lögfræðings sem auglýst var eftir og fékk það svar að um 50 hefðu sótt um.
- Stjórnarmaður sagði frá því að það hefði maður haft samband við hann þar sem hann fær ekki að greiða í félagið. Hann er vélfræðingur en er skikkaður í annað félag, Sameyki. Hann vinnur hjá ríkisspítulunum og benti á að Rafiðnaðarsambandið væri með samning við spítalann og spurði hvort við værum ekkert að gera í þessu. Formaður sagði að það sé búið að reyna en ljóst að það þurfi að fara í málaferli til að ná þessu í geng en það þarf einhver einstaklingur að vera tilbúinn að taka slaginn þ.e. sem vill vera félagsmaður hér.

Fundi slitið 11:38

Fundargerð ritaði, Áslaug R Stefánsdóttir